

Fimmtudaginn 18. júní 1998.

Nr. 123/1998.

K

(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)

gegn

M

(sjálfur)

Börn. Forsjá. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. mars 1998. Hún krefst þess, að sér verði dæmd forsjá barna sinna og stefnda, sem fædd eru 1983, 1985, 1988 og 1990. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hún hefur fengið gjafsókn á báðum dómstigum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Í þeim kemur meðal annars fram, að stefndi hafi tekið við börnunum daginn eftir uppsögu héraðsdóms og áfrýjandi farið til Jersey 4. apríl sl., þar sem hún dvelst og starfar nú. Einnig kemur fram, að stefndi hafi 26. maí 1998 fest kaup á sex herbergja íbúð í sama hverfi og börnin hafa átt heima í, en áfrýjandi hefur selt fasteign sína í hverfinu, eins og leitt var í ljós við aðalmeðferð málsins í héraði.

Atvik málsins eru rakin í dómi héraðsdóms, en þar áttu sæti tveir sérfróðir meðdómendur. Af gögnum málsins er ljóst, að áfrýjandi hefur torvelað mjög umgengni barnanna við föður sinn frá skilnaði málsaðila í árslok 1995 og beinlínis lagst gegn henni í orði og verki. Þá virðast aðstæður hennar nú til umönnunar barnanna aðrar og erfiðari en verið hefur, og óvissa sýnist vera um hagi hennar og búsetu í næstu framtíð.

Með þessum athugasemdum verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Allur gjafsóknar-

kostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns hennar, 200.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. mars 1998.

Ár 1998, föstudag 13. mars, er í Héraðsdómi Reykjavíkur í málinu nr. E-5513/1996: M gegn K, kveðinn upp eftirfarandi dómur.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 11. febrúar sl., er höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 31. október 1996.

Stefnandi er M, ..., Reykjavík.

Stefnda er K, ..., Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda í málinu eru þær, að honum verði falin forsjá fjögurra barna aðila, J, ..., G, ..., A, ..., og S, Þá gerir stefnandi kröfur um málskostnað úr hendi stefndu að mati dómsins.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær, að hún krefst sýknu af kröfum stefnanda og að henni verði falin forsjá barnanna fjögurra. Þá er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

II.

Málsaðilar gengu í hjónaband ..., en höfðu áður verið í sambúð í sjö ár. Leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng var gefið út ..., og fengu aðilar lögskilnað Þau eiga fjögur börn saman, J, ..., G, ..., A, ..., og S,

Með samningi um skilnaðarkjör ..., staðfestum af sýslumanninum í Reykjavík ... sama ár, var ákveðið, að aðilar skyldu hafa sameiginlega forsjá barnanna fjögurra. Með samkomulagi þessu var ákveðið, að börnin skyldu vera í umsjá stefndu, en stefnandi hefði frjálsa umgengni við börnin. Aðilar gerðu með sér nýjan samning um skilnaðarkjör Var þar enn kveðið á um, að forsjá barnanna skyldi vera sameiginleg, en tekið fram, að lögheimili þeirra skyldi vera hjá konunni, en maðurinn hefði umgengnisrétt samkvæmt samkomulagi. Aðilar bjuggu síðast saman að ... hér í borg, en

við skilnaðinn fluttist stefnandi af heimilinu. Fljótlega eftir samvistarlit varð ljóst, að aðilar áttu erfitt með að ná samkomulagi um það, hvernig háttað skyldi samvistum stefnanda við börnin. Ekki var gerður sérstakur skriflegur samningur um þetta, en stefnandi taldi, að samvistir sínar við börnin væru mun minni en til stóð. Í lok ... ritaði lögmaður stefnanda stefndu bréf og fór þess á leit, að gerður yrði skriflegur samningur um umgengni föður við börnin vegna ágreinings þeirra. Þessari málaleitan svaraði stefnda ekki. Sú ósk var ítrekuð með bréfi ..., en því bréfi var ekki heldur svarað.

Mál þetta var þingfest í ... Hinn ... gerðu aðilar fyrir dómi samkomulag til þriggja mánaða um, hvernig haga skyldi sameiginlegri forsjá barnanna þann tíma. Var samkomulag þetta gert til að reyna til þrautar, hvort ekki næðist sátt milli aðila, sem staðið gæti áfram að reynslutíma liðnum. Var málinu frestað ótiltekið í þessu skyni að ósk aðila. Með samkomulagi þessu var nákvæmlega tilgreint, hvenær börnin væru hjá móður og hvenær hjá föður.

Í ... síðastliðnum óskaði lögmaður stefnanda þess, að málið yrði tekið fyrir að nýju, þar sem hann kvað stefndu ekki hafa staðið við samkomulagið og hún hefði auk þess farið utan með börnin ... í nokkurra vikna sumarleyfi án samráðs við hann. Málinu var frestað til haustsins, er ljóst var, að stefnda væri komin aftur til landsins. Stefnda sótti ekki þinghald ... sl. þrátt fyrir áskoranir dómsins um það. Ákvað dómarrinn í því þinghaldi að kalla til sérfróða meðdómendur, og í samráði við þá var síðar óskað álitsgerðar Gylfa Ásmundssonar sálfræðings á andlegu ástandi foreldranna og tengslum þeirra við börnin ásamt forsjárhæfni þeirra, og einnig var honum falið að meta afstöðu þeirra til samvinnu við fyrrverandi maka. Þá var enn fremur óskað eftir álitsgerð Þorgeirs Magnússonar sálfræðings á högum barnanna fjögurra, andlegri líðan þeirra, tengslum þeirra við foreldrana og sérstaklega afstöðu eldri barnanna tveggja í forsjármáli þessu, sbr. 4. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 20/1992. Þess var einnig óskað, að könnuð yrðu sérstaklega tengsl barnanna innbyrðis og hugsanleg áhrif þess að skilja þau að.

Í álitsgerð Gylfa Ásmundssonar sálfræðings ... sl., sem hann hefur staðfest fyrir dóminum, kemur fram, að sálfræðileg athugun hans á málсаðilum fór fram með viðtölum og fjórum prófum, sem lögð voru fyrir þau, þ. e. Wechsler-greindarprófi fyrir fullorðna (WAIS), Raven-greindarprófi, MMPI-persónuleikakönnun og Rorschach-persónuleikaprófi.

Fram kemur í niðurstöðu prófanna, að stefnandi er þrýðilega greindur (superior), félagslegur skilningur hans góður og dómgreind örugg. Ekkert kemur fram, sem bendir til geðrænna einkenna. Í umfjöllun um niðurstöðu MMPI-persónuleikaprófs kemur fram, að ekki gæti tilhneiginga til að gefa

af sér betri mynd en efni standa til, sem sé algengt undir svipuðum kringumstæðum. Hæstu þættir persónuleikaprófs benda til vægs örlyndis og tilhneigingar til þunglyndis. Fram kemur meðal annars í niðurstöðum Rorschach-persónuleikaprófs, að tilfinningaviðbrögð gagnvart umhverfinu eru eðlileg, en hann eigi erfitt með óþvinguð samskipti, þótt hann hafi mikla þörf fyrir náin tengsl og hafi tilfinningalegan þroska til að gefa og njóta. Rorschach-prófið bendir til meiri geðrænna vandamála en MMPI-prófið. Sjálfsstyrkur er góður, og bendir það til þess, að hann sé vel starfhæfur einstaklingur og vel fær um að ráða fram úr vandamálum daglegs lífs.

Niðurstöður sálfræðilegra prófana á stefndu sýna, að greind hennar er vel yfir meðallagi. Fram kemur í niðurstöðu persónuleikaprófs, að töluverðrar tilhneigingar gætir hjá henni til að fegra mynd sína, „jafnvel á dálítið barnalegan og gegnsæjan hátt, sem bendir til þess, að afneitun og bæling séu varnarhættir, sem henni eru tamir og innsæi í eigið sálarlíf því líklega takmarkað. Hún viðurkennir ekki einkenni um þunglyndi eða kvíða, en hins vegar koma fram nokkuð áberandi frávík í öðrum þáttum, sem gætu bent til skapgerðartruflana. Hún virðist vera eirðarlaus og spennt, hefur lítið mótlætisþol og laka hvatræna stjórn, sem getur komið fram í ómarkvissu örlyndi í hugsun og hegðun. Einnig virðist það geta leitað út í líkamlegum óþægindum, einkum spennueinkennum. Einstaklingar með þessa prófmynd séu oft pirraðir og hörundsárir og jafnvel fjandsamlegir í viðmóti“. Einnig segir í niðurstöðu sálfræðingsins um þetta próf, að neikvæðni sé nokkuð áberandi í afstöðu hennar til umhverfisins og það sé athyglisvert, að hún svari 74% atriðanna neitandi. Algengt sé, að fólk með þessa prófmynd sé haldið persónuleikatrufunum af passiv-aggressiv-gerð. Í Rorschach-prófi kemur fram, að hún á auðvelt með að tengjast fólki og tilfinningaviðbrögð gagnvart umhverfinu séu eðlileg og undir góðri stjórn. Segir meðal annars í álitsgerðinni um þetta próf, að innra tilfinninganæmi virðist ekki mikið, þannig að kvíði sé lítt áberandi og líkur fyrir því, að tilfinningar risti fremur grunnt. Því sé hugsanlegt, að næmi fyrir tilfinningum, líðan og sálrænum þörfum annarra kunni að vera takmarkað. Að því slepptu gefi prófið mynd af tiltölulega heilbrigðri konu, sem hafi góð innri efni til að laga sig að tilverunni og ráða fram úr vandamálum daglegs lífs.

Í álitinu segir meðal annars þetta um það, sem fram kom í viðtölum hans við stefndu: „Henni fannst, að hún hefði haft alla ábyrgðina og vinnu vegna barnanna, en hann ánægjuna af þeim. Nú finnst henni, að hún sé að bæta sér það upp, og vill vera ein með sínum börnum. Segir hún það ekki sist stafa af framhjáaldi M, sem hún reiddist mjög og neitaði allri samvinnu við hann. Á meðan hún var gift M, var mikil togstreita milli þeirra og börn-

in meira einmana. Nú standi þau saman, og hún segist helst vilja hafa þau öll hjá sér eða ekkert. Um það, hvers vegna hún hafi komið í veg fyrir, að þau ættu eðlileg samskipti við föður sinn og foreldra hans, segist hún hugsa mest um þeirra líðan og reyni því ekki að þvinga börnin til að hafa samband við þau.“

Í samantekt og ályktun matsgerðarinnar segir Gylfi Ásmundsson meðal annars svo:

„Við rannsókn á þeim M og K kemur í ljós, að þau eru bæði vel gefin. Þau eru í góðum raunveruleikatengslum og að jafnaði með skýra dómgreind. Hjá hvorugu þeirra kom fram einkenni um meiri háttar geðtruflanir.

M gefur af sér þá mynd, að hann sé tiltölulega heilbrigður einstaklingur, en fram koma þó einkenni um þunglyndi, sem hann verst með úthverfri hegðun, sem aftur ber vott um góða ytri aðlögun. Hið innra koma í ljós vandamál, sem lúta að tilfinningalegum tengslum við aðra, erfiðleikum með að hleypa fólki of nálægt sér, eins og hann reyndar lýsir sjálfur í viðtali, en jafnframt ófullnægðri þörf fyrir náin tengsl, sem veldur honum kvíða og þunglyndi. Þótt hann hafi að þessu leyti nokkuð skýr hugsýniseinkenni, er hann vel starfhæfur einstaklingur með mjög næmt tilfinningalíf, sem gerir hann vel hæfan til að veita börnum sínum ástúð og tilfinningalegt atlæti, en er þeim mun viðkvæmari fyrir höfnun og er því varkár í samskiptum við annað fólk.

K ber hið ytra merki um skapgerðartruflanir, sem einkennast af erfiðum samskiptum við aðra, tortryggni og gremju, einkum í garð maka. Tilfinninganæmi er minna en hjá M og náin tengsl við annað fólk líklega grynri, þótt þau séu eðlileg og óþvinguð hið ytra. Þetta gæti stafað af uppeldi hennar, eins og greint er frá hér að framan, og litlum tilfinningatengslum við foreldra sína í bernsku. Hið innra má sjá meiri styrkleika en kemur fram í atferli. Hún hefur af góðum innri eiginleikum að taka, skapandi í hugsun og sennilega raunsærri að sumu leyti en M. Hún er fylgin sér, og eigin þarfir kunna að lita athafnir hennar um of, ekki síst í þessu máli, sem hér er til umfjöllunar.

Báðum þykir þeim mjög vænt um börn sín og bera hag þeirra fyrir brjósti. Fyrir M vakir umfram allt, að þau fái að umgangast sig á eðlilegan hátt og að sjálfur geti hann sinnt föðurskyldum sínum og rétti til að eiga samskipti við börn sín. K leggur mesta áherslu á, að þau fái að alast upp öll saman hjá sér, en greinilegt er, að reiði hennar vegna framhjáhalds M stjórnar enn afstöðu hennar að verulegu leyti og hefur meðvitað eða ómeðvitað komið í veg fyrir eðlileg samskipti við hann og fjölskyldu hans.

Nú er undirrituðum ekki kunnugt um afstöðu barnanna til föður síns og föðurfólks, en þau eru orðin nægilega gömul, einkum hin eldri, til að hafa sjálfstæðan vilja í þessu efni.

Af þessari rannsókn verður ekki annað séð en bæði K og M séu hæf til að veita börnum sínum forræði með þeim fyrirvara, að þau hvort um sig virði umgengnisrétt barnanna við hitt foreldrið. K hefur að því leyti ekki verið nægilega samvinnufús hingað til og virðist enn nokkuð hörð í afstöðu sinni til umgengni barnanna við föður sinn. Ýmislegt bendir til þess, að sú afstaða ráðist meira af eigin þörfum hennar en barnanna.“

Gylfi telur mjög veigamikilið atriði við mat á forsjárhæfni foreldranna, að þau virði umgengnisrétt barnanna við það foreldri, sem ekki hefur forsjána.

Í álitsgerð Þorgeirs Magnússonar sálfræðings . . . sl. kemur fram í umfjöllun hans um elsta barnið, J, að henni hafi fundist óþægilegt að ræða náið um fjölskyldumál sín og spurningar vaknað um trúnað milli hennar og sálfræðingsins. Fram komi, að um hríð hafi þau systkinin verið að hafa samband við og hitt föður sinn án vitundar móður og telpan vilji ekki, að hún frétti það, af ótta við viðbrögð móður. Hið sama gildi um hin systkinin. Af tillitssemi við foreldrana sé hún treg til að láta hafa eftir sér, hjá hvoru foreldrinu hún vilji helst vera áfram og hvar hún telur systkinum sínum best borgið.

Í samtölum við sálfræðinginn lýsir J, nú 14 ára, því, að sér og systkinum sínum hafi liðið illa vegna skilnaðar foreldra sinna. Eftir síðustu jóla og sérstaklega eftir síðastliðið sumar hafi sér liðið betur, tekist að leiða togstreitu foreldranna meira hjá sér en áður. Eftir skilnaðinn hafi vandinn einkum falist í því, að samfundir þeirra systkina og föðursins leggist afar illa í móður sína. Umgengnin sé svo viðkvæmt mál, að móðirin komist í slæmt skap og uppnám, hvenær sem umgengnin eða umræðan um hana er með einhverjum hætti á dagskrá, svo sem tíðni hennar, lengd eða önnur tilhögun. Móðirin hafi ráðið mestu um umgengni þeirra systkina við föðurinn og takmarkað hana meira en þau systkinin vilji. Þau systkinin geti í raun ekkert við þessu gert og séu einnig ófær um að hjálpa móður sinni, þegar henni líður illa. Þau reyni í staðinn að leiða ástandið hjá sér, hlusti, en hugsí samt ekki um þetta. Smám saman hafi þau einnig öll valið þá leið að hitta föður sinn á laun. Umgengni systkinanna við föðurinn hafi að undanfögnu verið þannig háttáð, að þau hafa hitt hann tvær helgar í röð frá föstudegi til laugardagskvölds og tvö þeirra sofði yfir nótt í hvert sinn. Þriðju helgina hafa þau öll verið hjá móður sinni.

J lýsir móður sinni þannig, að eftir skilnaðinn sýni hún eiginlega á sér tvær hliðar. Hún sé hress og glöð aðra stundina og í góðu skapi, en hitt

kastið hugsí, tortryggin og úr jafnvægi. Þá líði henni greinilega illa og borði t. d. lítið. Þegar þannig standi á, sé hún svo upptekin af föður þeirra og deilunum við hann, að fátt annað komist að. Hún sé þá opinská í tali um föðurinn, vandi honum ekki kveðjurnar og kenni honum um líðan sína. Þegar þau systkinin og hún dveljist í Jersey, eins og þau gerðu sl. sumar og alloft þar áður, líði móður þeirra betur. Á meðan foreldrarnir bjuggu saman og sambúðin var í lagi, telur J hins vegar, að móður sinni hafi sjaldnar líðið svona, enda geti hún verið léttlynd og skemmtileg.

J segir, að faðir sinn hafi „venjulegt skap“, hann reiðist eiginlega aldrei, sé mikið fyrir íþróttir og í góðri stöðu. Hann tali ekki illa um móður þeirra eða hegðun hennar í þeirra eyru, nema hann verði virkilega reiður, t. d. eftir dvöl þeirra í Jersey í sumar. J telur, að faðirinn myndi ekki hindra umgengni þeirra systkina við móðurina, ef hann fengi forsjána. Hann hafi átt kærustu í tvö ár, en þau systkinin hafi ekkert haft af henni að segja, aðeins hitt hana. Hún búi í Mosfellsbæ og eigi tvö börn, sem þau systkinin hafi aldrei hitt. J sér ekki fyrir sér, að faðir sinn muni stofna fjölskyldu með henni, fái hann forsjána. Hann muni þá örugglega kaupa eða leigja sér nægilega stóra íbúð fyrir sig og þau systkinin og búa einn með þeim.

J telur, að móðirin hafi hugsað meira um þau systkinin fyrir skilnaðinn, en faðirinn leikið meira við þau. Hún ræðir um systkini sín af þekkingu og skilningi. Hún telur, að þau séu öll fremur sjálfstæð sem einstaklingar og fremur sjálfbjarga. G hafi átt erfitt uppdráttar vegna skilnaðarins, þeir feðgar hafi verið nánir, en nú sé hann orðinn tengdari móður sinni en föður. G sé ósköp venjulegur strákur, hann æfi fótbolta og gangi sæmilega í skóla, sé talsvert skapbráður, hætti til að meiða sig, sé feiminn við ókunnuga, hress gagnvart vinum sínum, en ræði einkamál sín lítið við foreldrana. A sé „lítill og mjór“ og líkur mömmu sinni. Hann sé duglegur að læra og þroskaður, velti hlutunum mikið fyrir sér, en sé léttlyndur og mikið með félögum sínum. Hann sé tengdur pabba sínum, en reyni að leiða ástandið hjá sér, þótt hann taki nærri sér, hvernig það er. S sé „mömmustelpa“, snyrtileg og alltaf vel greidd, róleg og kurteis í kringum ókunnuga og þroskaðri en stelpur almennt á hennar aldri. Hún eigi trúnaðarsamband við móður sína, en sé mikið fyrir föður sinn, hafi heimsótt hann reglulega að undanfögnu, en leiði hjá sér, þegar foreldrarnir tali illa hvort um annað.

J telur, að í uppvexti sínum hafi þau systkinin haft mun meira samband við föðurfólk sitt en móðurfólk, enda búi talsvert af föðurfólkinu í borginni og móðurfjölskyldan sé ekki eins samrýnd. Eftir skilnaðinn hafi fundunum við föðurfjölskylduna stórfækkað vegna afstöðu móður sinnar, og auk þess hafi ósætti orðið milli móður og systkina hennar, vegna þess að móðir telji, að þau „standi með“ M.

J vill fátt láta hafa eftir sér um afstöðu til þess, hjá hvoru foreldrinu hún myndi sjálf vilja vera í framtíðinni og hvernig heppilegast væri að skipa forsjá þeirra systkinanna, en finnst oft hafa verið á föður sinn hallað. Hún er vondauf um, að umgengnismálin komist í lag, fái móðirin forsjána, telur hugsanlegt, að móðirin myndi flytja með þau systkinin, sennilega til Akureyrar, en tæplega til Jersey, því að það sé nánast ógerlegt af praktískum ástæðum. Ef af flutningi yrði, myndi J vilja verða eftir í bænnum.

Samkvæmt samtölum sálfræðingsins við J og niðurstöðum á fjölskyldu-tengslaprófi, sem ætlað er að varpa ljósi á tengsl við aðstandendur og viðhorf til sinna nánustu, er J gagnrýnin í garð móður sinnar, en um leið alveg viss um ást hennar á sér. Henni finnst móðirin smámuna- og nöldursöm, hún sé mislynd að sínum dómi og geti verið skaphörð að óþörfu. Telpa telur jafnvel stundum, að sér myndi líða betur án hennar. Móðirin geti á hinn bóginn einnig verið góð og skemmtileg, elskuleg og umhyggjusamur uppallandi, og er telpan viss um, að móðurinni sé mjög annt um hana. Móðirin virðist mikilvægasta persónan í lífi J, örlagavaldur, sem fær flest skilaboð frá henni í þessari könnun.

Viðhorf J til föður er jákvætt samkvæmt þessari tengslaathugun, og ekki ber á neinni gagnrýni. Faðirinn er þannig sá, sem svíkur hana aldrei, hlustar á hana, er góður félagi, og óskar telpan eftir fjölbreyttum og nánnum tengslum við hann. Þetta kemur heim og saman við yfirlýsingar J í samtölum við sálfræðinginn.

Fram kemur í viðtölum við G, nýlega 13 ára, að hann vilji vera hjá móður sinni í framtíðinni. Hann vilji síðan geta heimsótt föður sinn, þegar hann vilji, fyrir utan föstu umgengnina, sem sé hæfileg, eins og henni sé nú hátt að. Hann telur systkini sín sama sinnis. Ókostirnir við að vera hjá föðurnum séu þeir, að hann „vinni út um allan bæ“. Honum finnst leiðinlegt til þess að hugsa, að systkinin ættu heima á „sitt hvorum“ staðnum. „Þá væri enginn til að leika við.“ J sé ráðrík, eftir að faðirinn fór að heiman, en hún hjálpi þeim og systkinunum. Í mati sálfræðingsins á stöðu hans segir meðal annars, að hann reyni dálítið að leiða hjá sér deilur foreldranna um þau systkinin og kjósi að einfalda fyrir sér hlutina. Frekar en velkjast í vafa hafi hann mótað með sér þá afstöðu að vilja vera framvegis hjá móðurinni og systkinunum þremur. Hann leggur áherslu á að halda góðum tengslum við föður sinn og muni vafalítið reyna að fylgja því eftir.

Í mati sálfræðingsins á stöðu A, nú 9 ára, kemur fram, að móðirin er meiri áhrifavaldur í lífi hans og honum nálægari en faðirinn. Mynd hans af föðurnum er þó mjög jákvæð, og hann óskar eindregið eftir meiri og átakalausri umgengni við hann.

Um stöðu S, nú 7 ára, segir í matinu, að hún sé greinilega tengdust móður sinni og ekki verði annað séð en móðirin hafi lengi séð um helstu grunnþarfir hennar. Hún virðist einnig hafa sterk grunntengsl við föðurinn, þótt hún hafi síður getað ræktað þau. Faðirinn sé jákvæður í huga hennar, enda sæki hún gegn vilja móður sinnar í meiri samvistir við hann og lýsi löngunum sínum í þá átt. Hún hafi nánust og jákvæðust tengsl við systur sína og bróðurinn A.

Í niðurlagi skýrslu matsmannsins segir svo:

„Samantekt og álit.

Um er að ræða fjögur systkini, telpur á 15. og 18. ári og drengi á 13. og 10. ári, sem gangast undir athugun á líðan sinni og tengslaháttum vegna deilu foreldra um forsjá yfir þeim. Forsjáin hefur verið sameiginleg í tvö ár. Hafa börnin á þeim tíma verið hjá móður sinni og umgengni þeirra við föður verið óregluleg og minni en faðirinn sættir sig við. Deila foreldranna hefur að forminu til verið umgengnisdeila, en virðist eiga sér persónulegar rætur í hjónaskilnaðarferlinu og er enn óútkljáð. Deilan hefur á stundum verið allhatrömm, enda sýnast viðhorf foreldranna til ágreiningsefna gjörólík og ill-sættanleg. Samkomulag aðila er lykillinn að velferð systkinanna, en ekki er útlit fyrir, að lyktir forsjárdeilumálsins leiði einar og sér til lausnar.

Ágreiningur foreldranna hefur komið illa við börnin, sem finna öll, að þau eru hér áhrifalaus bitbein, og sjá ekki fram á, að friður komist á. Þau finna til vanmáttar og kvíða, einkum vegna viðbragða móður sinnar, reyna að aðlagast ástandinu og kjósa hvert með sínum hætti að hafa hægt um sig og halda sig utan átakanna. Í samtölum við börnin kemur skýrt fram, að þau vilja eindregið eiga frjálsari umgengni við föður sinn og annað skyldfólk og hafa um lengri eða skemmri tíma laumast til að hitta og hafa samband við pabba sinn án vitundar móðurinnar. Vegna óbilgjarnrar afstöðu hennar hefur þó ekkert þeirra notið samvista við föðurinn í samræmi við vilja sinn og þarfir. Sum þeirra lýsa jafnframt atvikum, þar sem móðirin sýnist hafa höfðað til ábyrgðar barnanna og hollustu þeirra við sig til að hafa sitt fram í umgengnisdeilunni og þannig látið hagsmuni þeirra víkja vegna tortryggni og reiði í garð föður.

Fyrir utan þau óþægindi, sem börnin hafa haft af togstreitunni um umgengnina, er í stórum dráttum ekki annað að merkja en þau búi við viðunandi ytra og innra atlati hjá móður sinni. Þau hafa einnig haft styrk hvert af öðru í þessum þrengingum, halda saman út á við og eru engum ofurhád. Tvö yngri börnin, S og A, virðast tengdari móður sinni en föður, enda samvistir þeirra samfelldari og lengri öll mestu mótunarárin. Þeim finnst eðlilegt að vera þar áfram, þótt þau taki ekki sjálf beina afstöðu til málsins. G

tekur þá afstöðu að vilja vera áfram hjá móður sinni og að systkinin geri það líka. Elsta barnið, J, hugsar sér helst til hreifings og virðist orðin langþreytt á ástandinu, móður sinni og eigin stöðu. Ekki er víst, að hún þiggi það að fara ein yfir til föður síns, en undirrituðum finnst koma til álita að bjóða henni það, ef dóminum finnst slík skipting koma til greina.

Að áliti undirritaðs er hér um allsamstæðan systkinahóp að ræða, sem býr yfir innbyrðis styrk, þótt ýmis ágreiningsmál komi upp milli einstaklinganna. Að skipta hópnum upp myndi fyrirsjáanlega valda miklu tengslaraski, en ekki augljóst, að það myndi stuðla að lausn þess vanda, sem hér er undirbyggjandi. Eigi að skipta hópnum, liggur ekki heldur skýrt fyrir, hvernig eigi að gera það. Almennt telur undirritaður, að mjög gildar ástæður þurfi að liggja til grundvallar, eigi að kljúfa systkinahóp vegna skilnaðar foreldra. Fullt samkomulag aðila um slíka lausn, mikill aldursmunur barnanna, ólíkir tengslahættir systkina við foreldrana eða viljayfirlýsing stálpaðs barns eru dæmi um slíkt.“

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa lagt allt kapp á það við skilnaðinn, að hann yrði til jafns við stefndu ábyrgur um málefni barnanna og að þau yrðu mikið hjá sér þrátt fyrir skilnaðinn, en hann hafi alla tíð lagt mikla rækt við uppeldi þeirra og verið mikið með þau. Þannig hafi hann ávallt fyrir skilnað þeirra hjóna séð um öll samskipti þeirra við skóla, lækna, tannlækna og þess háttar vegna barnanna, en stefnda hafi unnið alla tíð innan heimilis þeirra að barnagæslu og komist lítið frá.

Frá skilnaði þeirra hafi stefnda beinlínis komið í veg fyrir, að stefnandi gæti rækt skyldur sínar við börnin sem faðir þeirra, og skammtað sér umgengni við börnin, svo að hann hafi nánast ekkert verið með þeim frá skilnaðinum. Ef marka mætti ummæli barnanna, virtist svo sem stefnda hafi talið að mjög illa um stefnanda við börnin. Einnig hafi hún bundið enda á öll samskipti barnanna við föðurfjölskyldu þeirra, en börnin hafi verið í sérstaklega miklum og góðum samskiptum við foreldra stefnanda. Þannig hafi hún að tilefnislausu og án alls rökstuðnings eða umræðna tekið sér það vald að koma í veg fyrir, að börn hennar hittu föður sinn nema í leynum og í mýflugumynd. Með háttalagi sínu hafi hún komið í veg fyrir, að stefnandi hafi fengið að beita foreldraráðum sínum og skyldum gagnvart börnum sínum. Stefnandi hafi fallist á ... að gera nýjan skilnaðarkjarasamning, sem bætti fjárhagslega stöðu stefndu við skilnaðinn gegn loforði hennar um, að hún hætti andstöðu við það, að börnin fengu að hitta hann. Afstaða hennar

til umgengninnar hafi þó ekki breyst við þetta. Fullyrðir stefnandi, að allar tilraunir sínar og lögmanns síns til að ræða málefni barnanna við stefndu og ótvíræðar skyldur hennar við þau hafi engan árangur borið.

Stefnandi býr einn í íbúð að ..., Reykjavík. Stefnandi kveðst vera í góðu starfi sem ... í fyrirtæki hér í borg og hafi unnið þar undanfarin 11 ár. Hann kveðst munu flytja í hentugra húsnæði, ef hann fái forræði barnanna. Hann hafi kynnst annarri konu í ..., en hún hafi af augljósum ástæðum haft lítil tækifæri til að kynnast börnum hans. Þau hafi engar ákvarðanir tekið um það, hvort þau muni hefja sambúð.

Stefnandi segir, að sér þyki mjög vænt um börn sín og vilji standa við allar skuldbindingar sínar við þau. Telur hann ástand það, sem stefnda hafi komið á varðandi börnin, sé þeim hættulegt, og kveður það skyldu sína að gera hvað eina til þess að aflétta því, meðal annars með málshöfðun þessari.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að stefnda hafi með því að meina börnum sínum að hitta föður sinn misbeitt foreldraráðum sínum svo herfilega, að henni sé ekki treystandi fyrir því að hafa forsjá þeirra. Telur hann nauðsynlegt, að hann fái forsjá barnanna, til þess að hann geti staðið við upveldis- og framfærsluskyldur sínar við þau. Hann hafi góðar persónulegar og fjárhagslegar aðstæður til að fara með forsjá barnanna og fullan vilja til þess að ala þau upp í góðum siðum og leyfa þeim að njóta eðlilegra návista við móður sína. Hann er þess fullviss, að betra sé fyrir börnin að alast upp hjá sér en í því andrúmslofti, sem virðist vera á heimili stefndu. Fáir hann forsjá barnanna, muni hann sjá til þess, að þau fái að umgangast móður sína með eðlilegum hætti.

Fram er komið, að stefnda fór utan með börnin í jólaleyfi til eyjarinnar Jersey. Var það í andstöðu við vilja stefnanda. Af hans hálfu var gerð sú krafa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur ..., að henni yrði meinuð för úr landi með börnin. Kröfu stefnanda var synjað með úrskurði ..., þar sem hann þótti ekki hafa sýnt fram á, að hætta væri á, að stefnda kæmi ekki aftur til landsins.

Við aðalmeðferð málsins hélt stefnandi því fram, að stefnda hefði í hyggju að flytjast af landi brott með börnin; hún hefði selt fasteign sína án þess að hafa tryggt sér nýtt húsnæði, og væru öll merki á lofti um það, að hún myndi ætla að flytjast með börnin úr landi til Jersey, en þar hefði hún komist í kynni við efnaðan mann. Börnin og fjölskylda hennar hefðu sagt, að hún hefði margsinnis haft þetta á orði. Þá telur stefnandi, að andlegu heilsufari hennar sé þannig háttað nú, að því verði ekki unað, að hún fái forræði barnanna. Kveðst stefnandi reiðubúinn að endurskoða þá afstöðu, ef heilsa hennar batnaði.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til 9., 29., 32., 34. og 35. gr. barnalaga nr. 20/1992 og VIII. kafla laganna.

Kröfu um málskostnað reisir stefnandi á 129. gr. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefnda kveður stefnanda hafa hagað umgengni við börnin eftir eigin höfði, og meðal annars hafi hann ekki getað tekið öll börnin til sín í einu. Stefnandi leigi litla íbúð, sem einkum virðist ætluð fyrir börnin, þegar hann umgangist þau, því að hann búi í raun með konu á heimili hennar í Mosfellsbæ. Sú aðstaða, sem stefnandi ætli börnunum, sé algerlega ófullnægjandi, og þau hafi ekki getað dvalist öll hjá honum að næturlagi.

Fullyrðingar stefnanda um, að stefnda komi í veg fyrir, að börnin hitti föður sinn, séu rangar og ómaklegar, og telur hún, að stefnandi eigi ekki síður sök á þeim vandkvæðum, sem hafi verið í samskiptum þeirra.

Þar sem sú forsenda sameiginlegrar forsjár, að foreldrar séu á eitt sáttir um hvað eina, sem snertir börnin, hafi ekki komið til greina, hafi stefnda krafist þess að fá forsjá þeirra. Ef ekki næðist samkomulag um umgengni, mætti leggja ágreininginn í úrskurð yfirvalda. Stefnandi hafi hins vegar ekki viljað breyta forsjánni, en krafist þess, að gerður yrði skriflegur samningur um umgengni sína við börnin. Það hafi stefnda ekki getað fallist á, nema hún fengi forsjána.

Stefnda telur, að með skilnaðarsamkomulaginu hafi verið komið í veg fyrir röskun á dvalarstað og félagslegu umhverfi barnanna, sem undanfarin ár hafi verið á heimili hennar. Þau saki þar áfram sama skóla og umgangist leikfélaga sína og vini.

Þrátt fyrir samning aðila um sameiginlega forsjá hafi réttarstaða stefndu verið sambærileg réttarstöðu foreldris með forsjá og réttarstaða stefnanda verið sambærileg réttarstöðu forsjárlausss foreldris. Stefnanda hafi annast börnin og sinnt daglegum þörfum þeirra, heilsugæslu og skólagöngu, og megi jafna þessu til þess, að hún hafi raunverulega haft forsjá þeirra. Hafi hún því farið með foreldravaldið í raun og ráðið persónulegum högum barnanna. Með hliðsjón af 35. gr. barnalaga verði að telja, að kröfu stefnanda um forsjá megi því aðeins taka til greina, að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnanna. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að slíkum skilyrðum sé fullnægt.

Börnunum líði vel á heimili sínu, þau séu mjög tengd stefndu og mjög tengd innbyrðis. Þau búi við reglu og öryggi. Telur stefnda, að það yrði mjög slæmt fyrir börnin, ef breyta ætti því umhverfi, sem þau búa við nú og

hafa vanist. Rétt sé, að börnin alist upp saman og því augljóslega réttast og eðlilegast, að hún fari með forsjá þeirra.

Af hálfu stefndu er skírskotað til þess, að eftir 34. gr. barnalaga og grunnsjónarmiðum í barnarétti skuli ætíð haga forsjá eftir því, sem barni sé fyrir bestu. Í greinargerð, sem fylgi frumvarpi til barnalaga, séu talin upp nokkur þau atriði, sem helst komi til greina við mat á hagsmunum barns, svo sem tengsl barns við hvort foreldri, dvalarstaður barns og hvern það hefur umgengist mest, meðal annars eftir samvistarslit, atvinnuhagir og heimilisaðstæður hvors foreldris, m. a. ný sambúð, breytingar á umhverfi, m. a. hvort ætlast sé til þess, að barn flytjist til annars lands, sundrun systkina, dagleg umönnun og umsjá o.fl.

Miðað við aðstæður í máli þessu og meðal annars þau atriði, sem nefnd hafa verið, telur stefnda, að ekki leiki nokkur vafi á því, að hag barnanna sé best borgið með því, að henni verið falin forsjá þeirra.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að hún hafi í hyggju að flytjast utan. Hún hafi selt fasteign sína, en hafi í hyggju að kaupa eða taka á leigu annað húsnaði.

Stefnda reisir kröfur sínar á ákvæðum barnalaga og vísar einkum til 29. gr., 32. gr., 33. gr., 34. og 35. gr. laganna.

Um málsmeðferð er vísað til ákvæða laga nr. 91/1991 og ákvæða VIII. kafla barnalaga nr. 20/1992, eftir því sem við á.

Krafa um málskostnað styðst við ákvæði 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og 3. mgr. 129. gr. sömu laga.

Aðilar og matsmenn gáfu skýrslu fyrir dómi. Þá komu foreldrar stefnanda og fjögur systkini stefndu einnig fyrir dóm til skýrslugjafar.

V.

Niðurstæða.

Aðilar máls þessa gerðu, eins og fyrr er lýst, samning ... um, að þau hefðu sameiginlega forsjá barnanna. Með samkomulagi þessu var ákveðið, að börnin skyldu vera í umsjá stefndu, en stefnandi hefði frjálsa umgengni við þau. Með samningi aðila um skilnaðarkjör ... var áréttað, að forsjá barnanna fjögurra skyldi vera sameiginleg, en tekið fram, að lögheimili þeirra skyldi vera hjá konunni og maðurinn hefði umgengnisrétt samkvæmt samkomulagi. Hefur forsjáin í raun verið með þeim hætti, að börnin fjögur hafa verið að staðaldri á heimili stefndu, en stefnandi haft við þau umgengni. Ágreiningur hefur verið með aðilum um umgengnina. Heldur stefnandi því fram, að allt frá skilnaðinum hafi stefnda komið í veg fyrir, að stefnandi geti rækt skyldur sínar við börnin sem faðir þeirra og skammtað sér umgengni við börnin eftir sínu höfði, svo að þau hafi nánast ekkert ver-

ið með sér frá skilnaðinum þrátt fyrir samkomulag þeirra um sameiginlegt forræði barnanna.

Í álitssgerð Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, sem fjallað hefur verið um hér að framan, kemur fram, að foreldrarnir eru bæði vel gefin. Þau eru í góðum raunveruleikatengslum og að jafnaði með skýra dómgreind. Hjá hvorugu þeirra koma fram einkenni um meiri háttar geðtruflanir. Fram kemur í álitssgerðinni, að stefnandi ber einkenni þunglyndis hið innra, en hann er þó vel starfhæfur einstaklingur með mjög næmt tilfinningalíf, sem gerir hann vel hæfan til að veita börnum sínum ástúð og tilfinningalegt at-læti; en hann er viðkvæmur fyrir höfnun og er því varkár í samskiptum við annað fólk. Um stefndu segir meðal annars, að hún beri hið ytra merki um skapgerðartruflanir, sem einkennist af erfiðum samskiptum við aðra, tor-tryggni og gremju, einkum í garð maka. Tilfinninganæmi sé minna hjá stefnanda og nán tengsl við annað fólk líklega grynri, þótt þau séu eðlileg og óþvinguð hið ytra. Þetta geti stafað af uppeldi hennar og litlum tilfinningatengslum við foreldra sína í bernsku. Hið innra megi sjá meiri styrk-leika en komi fram í atferli hennar. Hún hafi af góðum innri eiginleikum að taka, skapandi í hugsun og sennilega raunsærri að sumu leyti en stefnandi. Hún sé fylgin sér, og eigin þarfir kunni að lita athafnir hennar um of, ekki síst í þessu máli, sem hér er til umfjöllunar.

Dómurinn telur, að ekki verði annað séð af könnun þessari en aðilar séu báðir hæfir sem uppalendur.

Í framangreindri álitssgerð kemur fram, að reiði stefndu gagnvart stefnanda hafi meðvitað eða ómeðvitað komið í veg fyrir eðlileg samskipti barnanna við stefnanda og fjölskyldu hans. Telur sálfræðingurinn, að bæði stefnandi og stefnda séu hæf til að veita börnum sínum forræði með þeim fyrirvara, að þau hvort um sig virði umgengnisrétt barnanna við hitt foreldrið, en stefnda hafi ekki verið nægilega samvinnufús hingað til og virðist enn nokkuð hörð í afstöðu sinni til umgengni barnanna við föður sinn. Ýmislegt bendi til þess, að sú afstaða ráðist meira af eigin þörfum hennar en barnanna. Þetta álit sálfræðingsins kemur heim og saman við vætti fjögurra systkina stefndu, sem komu fyrir dóminn, svo og framburð hennar, en fyrir dóminum sagði stefnda, að sér fyndist „allt í lagi með þessa umgengni, sem er í dag“, hún hefði aldrei viljað þessa umgengni og því beðið stefnanda síðastliðið haust að láta heimilið í friði.

Eins og rakið hefur verið, gerðu aðilar máls þessa samkomulag fyrir dóminum í ..., sem standa skyldi í þrjá mánuði. Af framburði stefndu fyrir dóminum og öðru því, sem komið er fram í málinu, þykir sýnt, að stefnda stóð ekki við þetta samkomulag. Hún fór að auki með börnin í nokkurra

vikna frí til útlanda síðastliðið sumar án samráðs við stefnanda. Eftir að málinu var fram haldið að ósk stefnanda um haustið og beðið var niðurstöðu álitssgerða sálfræðinga, fór hún enn að nýju gegn vilja hans utan um jólin með þrjú yngstu börnin. Elsta barnið vildi ekki fara, en kaus að dveljast hjá föður sínum um hátíðirnar.

Í álitssgerð Þorgeirs Magnússonar sálfræðings, sem kannaði meðal annars tengsl barnanna við foreldrana og afstöðu þeirra til forsjárdeilunnar, kemur skýrt fram, að börnin vilja rýmri umgengni við föðurinn, en móðirin hafi hins vegar ráðið mestu um umgengni þeirra við hann og takmarkað hana meira en börnin vildu.

Fram kemur í álitssgerð Þorgeirs og í vitnisburði hans fyrir dóminum, að í viðtölum við börnin hafi komið fram, að þau hafi verið að stelast til að hitta föður sinn á laun og þeim hafi ekki verið vel við þetta laumuspil. Skýrt hafi komið fram hjá móðurinni, að hún væri ekki líkleg til að leyfa umgengni í þeim mæli, sem honum hafi fundist, að börnin óskuðu eftir og faðirinn krafist. Sum barnanna hafi talið, að faðirinn yrði sveigjanlegri í þessum efnum.

Ljóst er af álitssgerðinni, að elsta barnið, J, sem nú er á 15. ári, hugsar sér helst til hreifings og virðist orðið langþreytt á ástandinu, móður sinni og eigin stöðu. Næstelsta barnið, G, sem er á 14. ári, tók hins vegar þá afstöðu að vilja heldur vera hjá móðurinni. Tvö yngstu börnin, A, 9 ára, og S, tæplega 8 ára, tóku ekki beina afstöðu. Fram kemur í álitssgerðinni, að það sé einkum vegna viðbragða móður þeirra, sem börnin finni til vanmáttar og kvíða vegna deilna foreldranna. Þar kemur og fram, að móðirin virðist hafa höfðað til ábyrgðar barnanna og hollustu þeirra við sig til að hafa sitt fram í umgengnisdeilunni og þannig látið hagsmuni þeirra víkja vegna tortryggni og reiði í garð föður.

Dómurinn fellst á það mat Þorgeirs Magnússonar sálfræðings, að gildar ástæður þurfi til að skipta systkinahópnum og slíkt myndi fyrirsjáanlega valda miklu tengslaraski, en í áliti sálfræðingsins kemur fram, að systkinin vilji alast upp saman, þau séu allsamstæð og búi yfir innbyrðis styrk, þótt ýmis ágreiningsmál komi upp milli einstaklinganna. Báðir aðilar málsins leggja einnig áherslu á, að börnin fái að alast upp saman, og það er einnig vilji barnanna. Ekki þykir koma til álita í máli þessu að skipta forræði barnanna milli foreldranna. Hins vegar er ljóst, að tvö elstu börnin eru orðin það stálpuð, að vilji þeirra mun í bráð ráða miklu um, hjá hvoru foreldranna þau búa.

Pegar metið er, hvort rétt sé að breyta nú þeirri skipan, sem fram að þessu hefur verið á framkvæmd forsjár barnanna, ber einkum að líta til hags og þarfa barnanna.

Fram kom við aðalmeðferð málsins, að stefnda hefur selt fasteign sína að ..., sem hefur verið heimili barnanna fram að þessu, og þarf hún að rýma húsnæðið fyrir næstu mánaðamót. Hún lýsti einnig yfir við meðferð málsins, að hún hefði í hyggju að breyta um atvinnu og fara að vinna utan heimilis. Er því ljóst, að nokkrar breytingar verða á högum barnanna á næstunni þegar af þeirri ástæðu, að stefnda er að flytjast úr húsnæði sínu með börnin. Þótt ýmis teikn séu á lofti um það, að stefnda hafi í hyggju að flytjast af landi brott, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að sú sé raunin.

Af gögnum málsins er augljóst, að tengsl stefndu og barnanna eru sterk, enda hefur hún annast þau innan veggja heimilisins frá fæðingu þeirra, en faðirinn hefur verið útvinnaði. Tengslin sem slík orka ekki tvímælis, heldur eru það gæði þeirra, sem dregin eru í efa. Í málinu hefur glögglega komið fram, að stefnda hefur margsinnis misboðið börnum sínum með því að geta ekki skilið á milli eigin þarfa og þarfa barnanna. Í álitsgerð Þorgeirs Magnússonar kemur skýrt fram, að börnin eru einnig bundin mjög sterkum tilfinningaböndum við stefnanda og ekkert fram komið, sem veldur efa um hæfi hans til forsjár barnanna.

Dómurinn er samþykktur því mati Þorgeirs Magnússonar, að gott samkomulag aðila sé lykillinn að velferð systkinanna. Þegar litið er til sérfræðilegra álitsgerða og þess, sem kom fram við meðferð málsins og yfirheyrslna fyrir dóminum, er það samdóma álit dómsins, að stefnda hafi ekki einasta virt að vettugi óskir stefnanda um eðlilega umgengni hans við börnin, heldur hafi hún með óbilgjarnri og ósveigjanlegri afstöðu sinni komið í veg fyrir eðlilega umgengni og tengsl barnanna við stefnanda, föðurfjölskyldu sína, móðurforeldra og móðursystkin. Þannig hefur hún beinlínis staðið í vegi fyrir því, að faðir barnanna geti sinnt eðlilegum skyldum sínum sem foreldri við börnin og nánast einangrað börnin frá nánustu ættingjum þeirra. Þykir ekkert benda til þess, að hún muni ætla að virða skýlausan rétt barnanna til að njóta eðlilegra samvista við stefnanda og aðra nákomna ættingja. Framkoma hennar við meðferð málsins, skýrsla hennar og annarra, sem komu fyrir dóminn til skýrslugjafar, styrkja þann grun, að stefnda muni sitja við sinn keip. Þá er ljóst af framburði systkina stefndu, að þau hafa verulegar áhyggjur af velferð barnanna, eins og högum þeirra er nú háttað, svo og af framferði stefndu gagnvart börnunum og stefnanda.

Sýnt þykir, að stefnandi hafi félagslegt og fjárhagslegt bolmagn til að sjá börnum sínum farborða og persónulegir hagir hans og eiginleikar sem foreldris séu með þeim hætti, að hann sé vel hæfur til að annast uppeldi barnanna og hafa forsjá þeirra með höndum. Hann lýsti yfir því í trúverðugri skýrslu sinni fyrir dómi, að hann myndi sjá til þess, ef hann fengi forsjá

barnanna, að þau gætu átt áfram heima í sama hverfi og sótt sömu skóla og hingað til og högum þeirra yrði að öðru leyti sem minnst raskað. Þá hefur hann fullyrt, að börnin muni fá eðlilega umgengni við móður sína og hann muni þannig virða rétt hennar og barnanna til umgengni. Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að hann muni ekki standa við þau orð sín. Þegar þetta er virt og annað það, sem að framan er rakið, þykir dóminum einsýnt, að hagsmunum og þörfum barnanna sé best borgið, verði stefnanda falin forsjá allra barnanna fjögurra.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefndu var veitt gjafsókn í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi dómsmálaráðuneytisins frá ... Póknun talsmanns hennar, Helga Birgissonar hestaréttarlögmans, sem telst hæfilega ákveðin 390.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ekki er fram komið í máli þessu, að annan kostnað hafi leitt af málsókn stefndu. Kostnaður vegna álitssgerðar Þorgeirs Magnússonar sálfræðings, 200.000 krónur, og kostnaður vegna álitssgerðar Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, 188.000 krónur, samtals 388.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dóm þennan kváðu upp Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Guðfinna Eydal sálfræðingur og Tómas Zoëga geðlæknir.

D ó m s o r ð:

Stefnandi, M, skal fara með forsjá barnanna J, G, A og S.

Málskostnaður fellur niður.

Póknun Helga Birgissonar hestaréttarlögmans, talsmanns stefndu, 390.000 krónur, þar með talinn virðisaukaskattur, greiðist úr ríkissjóði. Kostnaður vegna álitssgerðar Þorgeirs Magnússonar sálfræðings, 200.000 krónur, og kostnaður vegna álitssgerðar Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, 188.000 krónur, samtals 388.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
